

- 14** c. Hylki, sem ekki eru stærri og ekki vinna með meiri þrýstingi en það, að
17. marz framkv. þrýstings í kg/cm.² og rúmtaks mælt í dm³ fari ekki fram úr 2000.

IV. Ákvæði um hreinsun og viðgerð á benzintunnum.

25. gr.

Oliuverzlanir og aðrir, sem þurfa að láta framkvæma viðgerð eða hreinsun á benzintunnum, skulu tilkynna eftirlitinu, hverjum þeir fela verk þetta.

26. gr.

Þeir einir hafa leyfi til að framkvæma viðgerðir á benzintunnum, er tæki hafa til þes að hreinsa þær með, áður en viðgerð byrjar.

27. gr.

Hreinsunin skal framkvæmd með eimi, sem hefir 7 til 8 kg/cm.³ þrýsting.

Þegar tunna er hreinsuð, skal hún látin liggja þannig, að sponsgatið á belg hennar snúi niður, eimur skal síðan leiddur í tunnuna í gegnum gatið á botni hennar. Eiminum skal blásið með fullum þrýsting í tunnuna í 3 til 4 mínútur.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 54, 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngmálaráðuneytið, 17. marz 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

15

18. marz

REGLUGERÐ

um breyting á viðauka við reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá

26. febrúar 1932.

1. gr. viðaukans orðist þannig:

Frá 1. marz 1933 til 1. janúar 1934 skal veita öllum fiskiskipum, sem skrásett eru í Reykjavík eða gerð út þaðan, 50% afslátt á öllum lestagjöldum, vita- og sæmerkjagjöldum, bryggjugjöldum og hafnsögugjöldum til Reykjavíkurhafnar.

Á sama tímabili skal veita 50% afslátt af vörugjaldi af útfluttum þurrum saltfiski.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt staðfestist hér með til þess að öðlast gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 18. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.